

UNIVERSITY COLLEGE LONDON

University of London

EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS

For the following qualifications :-

M. A.

**M.A. Scandinavian Studies (Medieval & West Norse Studies): 3a. Advanced
Old Icelandic Literature**

COURSE CODE : SCANP03A

DATE : 12-SEP-01

TIME : 10.00

TIME ALLOWED : 3 hours

01-N0007-4-30

© 2001 *University of London*

TURN OVER

Answer QUESTION 1 (60%) and TWO others (20% each).

1. Translate THREE of the following passages into English:

(a)

Vífill ok Karli hétu þrælar Ingólfs; þá sendi hann vestr með síó at leita ǫndvegissúlna sinna. En er þeir kvómu til Hiǫrleifshǫfða, fundu þeir Hiǫrleif dauðan. Þá fóru þeir aptr ok sǫgðu Ingólfi þau tíðendi; hann lét illa yfir drápi þeira Hiǫrleifs. Eptir þat fór Ingólfr vestr til Hiǫrleifshǫfða, ok er hann sá Hiǫrleif dauðan, mælti hann: „lítit lagðisk hér fyrir góðan dreng, er þrælar skyldu at bana verða, ok sé ek svá hverium verða ef eigi vill blóta“. Ingólfr lét búa grǫft þeira Hiǫrleifs ok síá fyrir skipi þeira ok fiárhlut.

Ingólfr gekk þá upp á hǫfðann ok sá eyiar liggia í út-suðr til hafs; kom honum þat í hug at þeir mundu þangat hlaupit hafa, því at báttrinn var horfinn; fóru þeir at leita þrælanna ok fundu þá þar sem Eið heitir í eyjunum. Váru þeir þá at mat er þeir Ingólfr kvómu at þeim. Þeir urðu felmsfullir ok hlióp sinn veg hverr. Ingólfr drap þá alla. Þar heitir Dufþaksskor er hann lézk. Fleiri hliópu þeir fyrir berg, þar sem við þá er kent síðan. Vestmannacyiar heita þar síðan er þrælarnir váru drepnir, því at þeir váru Vestmenn. Þeir Ingólfr hǫfðu með sér konur þeira er myrðir hǫfðu verit; fóru þeir þá aptr til Hiǫrleifshǫfða; var Ingólfr þar vetr annan.

En um sumarit eptir fór hann vestr með síó. Hann var enn þriðia vetr undir Ingólfsfelli fyrir vestan Ólfusá. Þau missari fundu þeir Vífill ok Karli ǫndvegissúlur hans við Arnarhvál fyrir neðan heiði.

(b)

Áki tók þá góða gripi ok gaf honum. Konungr svarar fá ok steig á bak hesti sínum. Áki gekk á leið með honum ok talaði við hann. Skógr var nær þeim, ok lá þar vegrinn yfir. En er Áki kom á skóginn, þá spurði konungr hann: „Hví skiptir þú svá fagnaði með okkr Haraldi konungi, at hann skyldi hafa af öllu inn betra hlut? Ok veiztu, at þú ert minn maðr.“ „Ek hugða,“ segir Áki, „at yðr, konungr, ok yðra menn myndi engan fagnað skort hafa at þessi veizlu. En er þar var forn búnaðr, er þér drukkuð, þá veldr þat því, at þér eruð nú gamlir. En Haraldr konungr er nú í blóma aldrs, fekk ek honum af því nýjan búnað. En þar er þú minntir mik, at ek væra þinn maðr, þá veit ek hitt eigi síðr, at þú ert minn maðr.“ Þá brá konungr sverði ok hjó hann banahogg, reið braut síðan. En er Haraldr konungr var búinn at stíga á hest sinn, þá bað hann kalla til sín Áka bóanda. En er menn leituðu hans, þá runnu sumir þannug, sem Eiríkr konungr hafði riðit. Fundu þeir þar Áka dauðan, fóru síðan aptr ok sögðu konungi. En er hann spyrr þetta, heitr hann á menn sína, at þeir skulu hefna Áka bóanda. Riðr þá Haraldr konungr þannug, er áðr hafði riðit Eiríkr konungr, til þess er hvárir verða varir við aðra. Þá riða hvárir, sem mest megu, til þess er Eiríkr konungr kómr á skóg þann, er skilr Gautland ok Vermaland. Þá snýr Haraldr konungr aptr á Vermaland, leggþr þá land þat undir sik, en drap menn Eiríks konungs, hvar sem hann stóð þá. Fór Haraldr konungr um vetrinn aptr á Raumaríki.

Nú er þar til máls at taka at Hlíðarenda, at Gunnarr er úti ok sér smalamann sinn hleypa at garði; smalamaðrinn reið heim í túnit. Gunnarr spurði: „Hví riðr þú svá hart?“ „Ek vilda vera þér trúlyndr,“ segir hann; „ek sá menn riða ofan með Markarfljóti átta saman, ok váru fjórir í litklæðum.“ Gunnarr mælti: „Þar mun vera Otkell.“ „Ek hefi opt heyrt,“ segir smalamaðrinn, „morg skapraunarorð þeira, því at Skammkell sagði austr í Dal, at þú grétir, þá er þeir riðu á þik ofan, ok sagða ek þér af því, at mér þykkir illt orðtak vándra manna.“ „Ekki skulu vit vera orðsjúkir,“ segir Gunnarr, „en þat eitt skalt þú vinna, er þú vill, heðan í frá.“ „Skal ek nokkut segja Kolskeggi, bróður þinum?“ segir smalamaðrinn. „Far þú ok sof,“ segir Gunnarr, „ek mun segja Kolskeggi.“ Sveinninn lagðisk niðr ok sofnaði þegar.

Gunnarr tók smalahestinn ok lagði á sǫðul sinn; hann tók skjöld sinn ok gyrði sik sverðinu Olvisnaut, setr hjálm á höfuð sér, tekr atgeirinn, ok sǫng í honum hátt, ok heyrði Rannveig, móðir hans. Hon gekk fram ok mælti: „Reiðuligr ert þú nú, sonr minn, ok ekki sá ek þik slíkan fyrr.“ Gunnarr gekk út ok stakk niðr atgeirinum ok varp sér í sǫðulinn ok riðr braut. Rannveig gekk til stuðu; þar var háreysti mikit. „Hátt kveðið þér,“ segir hon, „en þó lét hæra atgeirrinn, er Gunnarr gekk út.“ Kolskeggr heyrði ok mælti: „Þat mun eigi engra tíðenda vita.“ „Þat er vel,“ segir Hallgerðr; „nú munu þeir reyna, hvárt hann gengr grátandi undan þeim.“ Kolskeggr tekr vápn sín ok leitar sér at hesti ok riðr eptir, slíkt er hann mátti.

(d)

Ok einn tíma, er Höfundr gerði veizlu, var öllum höfðingjum til boðit í hans ríki utan Heiðreki. Honum líkaði þat illa ok fór allt at einu ok kveðst skyldu gera þeim nokkut illt. Ok er hann kom í höllina, stóð Angantýr upp móti honum ok bað hann sitja hjá sér. Heiðrekr var ekki kátr ok sat lengi við drykkju um kveldit. En er Angantýr, bróðir hans, gekk út, þá talaði Heiðrekr við þá menn, er honum váru næstir, ok kom hann svá sinni ræðu, at þeir urðu rangsáttir, ok mælti hvárr illt við annan. Þá kom Angantýr aftr ok bað þá þegja. Ok enn í annat sinn, er Angantýr var út genginn, þá minnti Heiðrekr þá á, hvat þeir höfðu við mælt, ok kom þá svá, at annarr sló annan með hnefa. Þá kom Angantýr til ok bað þá sátta vera til morgins. Enn þriðja sinn, er Angantýr gekk í brott, þá spurði Heiðrekr þann, er höggit hafði fengit, hvárt hann þyrði eigi at hefna sín. Svá kom hann þá sinni fortölu, at inn lostni hljóp upp ok drap æssunaut sinn, ok þá kom Angantýr at. En er Höfundr varð þessa varr, bað hann Heiðrek burt ganga ok gera eigi fleira illt í þat sinn.

Síðan gekk Heiðrekr út ok Angantýr, bróðir hans, ok í garðinn ok skildust þar. Þá er Heiðrekr hafði litla hríð gengit frá bænum, þá hugsaði hann, at hann hafði þar of lítit illt gert, snýr þá aftr til hallarinnar ok tók upp stein einn mikinn ok kastaði þangat, sem hann heyrði menn nokkura talast við í myrkrinu. Hann fann, at steinninn mundi eigi manninn misst hafa, ok gekk til ok fann mann dauðan ok kenndi Angantý, bróður sinn.

(e)

Þess er getit, at byskupar kómu út hingat til Íslands um daga Ísleifs byskups, en Friðrekr einn kom áðr út, sá er sögur sé frá gervar. En þessir hafa svá út komit, at menn hafa helzt skyn á vitat: Jón byskup inn írski, ok hafa þat sumir menn fyrir satt, at hann færi síðan til Vindlands ok sneri þar mörgum mönnum til guðs, ok var síðan tekinn ok barðr ok höggvar af bæði hendr ok fætr, en höfuð síðast, ok fór með þeim píningum til guðs. Inn þriði byskup kom til Íslands Bjarnvarðr Vilráðsson, er kallaðr var inn bókvísi ok sumir menn segja, at af Englandi væri ok hafi fylgt Ólafi inum helga ok hafi síðan af hans ráði farit til Íslands. Inn fjórði var Rúðólfr byskup, er sumir kalla, at Úlfr hétu ok væri kynjaðr af Rúðu ór Englandi. Hann var níttján vetr á Íslandi ok bjó í Bæ í Borgarfirði. Fimmti kom til Íslands Heinrekr byskup ok var tvá vetr á Íslandi. Inn sétti var Bjarnvarðr byskup inn saxlenski ok var með Magnúsi konungi inum góða Óláfssyni ok fór síðan til Íslands ok var á Íslandi tuttugu vetr. Hann hafði tvá bústaði í Vatnsdal, at Giljá ok Steinsstöðum. Hann vígði marga hluti, þá er mörg merki hafa á orðit, kirkjur ok klukkur, brúar ok brunna, vöð ok vötn, björg ok bjöllur, ok þykkja þessir hlutir hafa birt sanna tígu hans ok gæzku. Bjarnvarðr var á Íslandi, meðan Haraldr konungr var í Nóregi Sigurðarson, því at þeir váru eigi samsáttir.

(f)

Sér hon upp koma qðro sinni
iqrð ór ægi, iðiaegroena;
falla forsar, flýgr orn yfir,
sá er á falli fisca veiðir.

Finnaz æsir á Iðavelli
oc um moldpinur, mátcan, dæma,
oc minnaz þar á megingóma
oc á Fimbultýs fornar rúnar.

Þar muno eptir undrsamligar
gullnar tǫflor í grasi finnaz,
þær í árdaga áttar hǫfðo.

Muno ósánir acrar vaxa,
þols mun allz batna, Baldr mun koma;
búa þeir Hqðr oc Baldr Hroptz sigtǫptir,
vel, valtfívar — vitoð ér enn, eða hvat?

Þá kná Hœnir hlautvið kíosa,
oc byrir byggia brœðra tveggia
vindheim víðan — vitoð ér enn, eða hvat?

Sal sér hon standa, sólo fegra,
gulli þacþan, á Gimlé;
þar scolo dyggvar dróttir byggia
oc um aldrdaga ynðis nióta.

Þá kœmr inn ríki at regindómi,
qffugr, ofan, sá er qllo ræðr.

Þar kœmr inn dimmi dreki flúgandi,
naðr fránn, neðan frá Niðafjollom;
berr sér í fiqðrom — flýgr vqll yfir —,
Niðhoggr, náí — nú mun hon sæcqvaz.

- (2) Under what circumstances do you consider *Hungrvaka* to have been written?
- (3) 'The virtue of *Hervarar saga ok Heiðreks* lies not in its structural coherence but in its memorable scenes.' Discuss this view of the saga.
- (4) On what grounds would you assign a date and place of composition to the poem *Völuspá*?
- (5) EITHER: (a) Describe the portrayal of any single character in *Brennu-Njáls saga*.
OR: (b) Consider the structure of *Brennu-Njáls saga*.
- (6) EITHER: (a) What attitudes does Snorri show towards history and its writing in *Haralds saga hárfagra*?
OR: (b) What were Snorri's main sources for his *Haralds saga hárfagra*?
- (7) EITHER: (a) Consider the relevance of *Landnámabók* to the study of the Family Sagas.
OR: (b) What literary merits have you discovered in your reading of *Landnámabók*?
- (8) What methods and criteria are used in dating the Icelandic Family Sagas?